



ORKUSTOFNUN

Afl og orkugeta jarðhitasvæða Hitaveitu
Reykjavíkur

Þorsteinn Thorsteinsson

Greinargerð þTh-80/01A

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1980-05-08



ORKUSTOFNUN
Greinargerðasafn

Greinargerð
P.Th.-80/01 A
ig

AFL OG ORKUGETA JARDHITASVÆÐA

HITAVEITU REYKJAVÍKUR

Afl og orkugeta jarðhitasvæða Hitaveitu Reykjavíkur.

Eftirfarandi greinargerð er samin vegna bréfs hitaveitustjóra, Jóhannesar Zoëga, til Jarðhitadeilda, dags. 22. febrúar, 1980, þar sem óskað er eftir álitsgerð um eftirfarandi atriði:

1. Vinnsluhæft afl og orkugetu jarðhitasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess, sundurliðað eftir jarðhitasvæðum.
2. Aukningu vinnslugetu á nærliggjandi jarðhitasvæðum með
 1. fleiri borholum
 2. dýpri borholum
 3. lækkun grunnvatnsborðs jarðhitasvæðanna
3. Samanburð á kostnaði við aukningu vinnslugetu eftir svæðum og aðferðum.

Greinargerðin er byggð á vinnsluathugunum, sem undirritaður hefur haft með höndum fyrir Jarðhitadeild, í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur, á vinnslusvæðum hitaveitunnar, síðan 1965, jafnhliða umsjón með jarðborunum á svæðunum. Ekki hefur verið reynt að meta hugsanlegt afl og vinnslugetu jarðhitasvæða á Höfuðborgarsvæðinu, annara en núverandi vinnslusvæða, t.d. á Alftanesi og við Blikastaði, þar sem mælingaholur eru þar ekki tiltækjar. Fjallað er um þessi svæði í Greinargerð Jarðhitadeilda (JT-IBF-SvP-VS-PTh-80/01) um viðbótarvatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. Vinnsluhæft afl og orkugeta.

Í töflu 1 er yfirlit yfir afl vinnslusvæða Hitaveitu Reykjavíkur við núverandi aðstæður, dæladýpi 120 m og árstíðabundna vatnsvinnslu ásamt áætluðu afli svæðanna miðað við að dælur séu í 250 m dýpi. Áætlunin gerir ráð fyrir að núverandi vatnsvinnsla verði árstíðabundin, eins og verið hefur, en að viðbótarvinnslan, sem verður vegna lækkunar vatnstöðu jarðhitakerfanna með síkkun dælanna og fjölgun borhola, hafi verið samfellið í 5-10 ár.

1980-05-07

-2-

Greinargerð
P.Th. 80/01

TAFLA I

Afl og orkugeta vinnslusvæða

Vinnslusvæði	Dæludýpi 120 m				Dæludýpi 250 m				Aukning %
	l/s	MW	Gwh/mán	Vatnsst. m.y.s.	l/s	MW	Gwh/mán	Vatnsst. m.y.s.	
Laugarnes	290	103.5	75.8	-50	500	178.9	130.6	-154	72.4
125 °C									
15-35 m.y.s.									
Elliðaár	145	34.7	25.4	-38	250	59.8	43.8	-166	72.4
97 °C									
26-50 m.y.s.									
Mosfellssv.	1640	323.7	236.5	-28	2640	513.2	375.7	-126	60.9
87 °C									
40-85 m.y.s.									
Samtals		461.9				751.9			62.8

Aukning vinnsluhæfs afls jarðhitakerfanna vegna dælusíkkana og fjölgunar borhola verður, samkvæmt töflu I, 290 MW eða 62.8%. Þar af eru 75.4 MW í Laugarneskerfi, 25.1 MW í Elliðaárkerfi og 189.5 MW í Mosfellssveit. Afköst nýrra hola eru áætluð 30 l/s í Laugarnesi, 35 l/s við Elliðaár en 67 l/s í Mosfellssveit og holufjöldi, talinn í sömu röð 7, 3 og 15.

Afl og orkugeta lághitavatnskerfa ræðst í aðalatriðum, auk hita, af tvennu. Annarsvegar vatnsgæfni, þ.e. viðbrögðum vatnsstöðu við vatnsvinnslu og hinsvegar af fjölda borhola og vinnsludýpi djúpdælanna, sem notaðar eru til vatnsvinnslunnar. Allgóð mynd hefur fengist af rennsliseiginleikum Laugarness og Elliðaárvæðanna vegna langrar og reglubundinnar nýtingar. Vatnsgæfni er reiknuð 2.10 l/s/m fyrir Laugarnessvæðið en 0.84 l/s/m fyrir Elliðaárvæðið miðað við 5-10 ára samfellda vatnsvinnslu. Mynd 1 sýnir lækkun vatnsstöðu svæðanna með tíma vegna vatnsvinnslaukningar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í töflu I, 210 l/s í Laugarnesi en 105 l/s við Elliðaár. Við árstíðabundna nýtingu hefur vatnsgæfni reynst nokkru meiri, eða 2.80 l/s /m á Laugarnessvæði en

0.95 l/s/m á Elliðaársvæði.

Rennsliseiginleikar Mosfellssveitarsvæðisins eru margbrotnari en hinna tveggja svæðanna auk þess sem nýting þess hefur verið skammvinnari og óreglubundnari. Arstíðabundin vatnsgæfni svæðisins hefur því verið áætluð 12.9 l/s/m í samræmi við 70 m lækkun vatnsstöðu þess síðan 1970 og 900 l/s aukningu vatnsvinnslunnar. Vatnsgæfni ^vagnar samfelldrar vatnsvinnslu er í töflu I áætluð 10 l/s/m.

Myndir 2,3 og 4 eru yfirlit yfir árlega og mánaðarlega vatnsvinnslu á vinnslusvæðunum þeimur og vatnsstöðu mælingarhola.

2. Aukning vinnslugetu

2.1. Fleiri borholur

Miðað við núverandi dæludýpi, 120 m mun vera unnt að auka vinnslugetu jarðhitasvæðanna nokkuð frá því sem nú er með því að fjölgva vinnsluholum. Fjölgun holanna dregur úr niðurdrætti vegna holumóttstöðu í einstökum holum og veitir þannig svigrúm fyrir aukna vatnsstöðulækkun og þar með aukna vinnslugetu svæðanna. Áætlað er að aukning vinnslugetu með fjölgun hola verði þessi:

TAFLA 2

Svæði	Aukning		Fjölgun hola
	1/s	MW	
Laugarnes	45	16	5
Elliðaár	20	5	2
Mosfellssveit	390	82	10
Samtals	455	103	17

Gert er ráð fyrir að afköst viðbótarhola verði 35 l/s við Elliðaár, 30 l/s í Laugarnesi en 67 l/s í Mosfellssveit.

2.2 Dýpri borholur

Erfitt er að segja til um hver verður aukning vinnslugetu með dýpri borholum í Mosfellssveit og á Elliðaárvæðinu annað en að með minni holumótsstöðu, vegna fleiri vatnsæða, verði þær til þess að fækka holum, sem þarf til aflaukningar, sem rátt er um í 2.1 hér að framan.

Á Laugarnessvæðinu, aftur á móti, hafa vatnshæðarmælingar í holu RG 4, sem sker vatnsleiðara í 2150 m dýpi, bent til afmarkaðs kerfis þar fyrir neðan og að vatnsvinnsla úr því yrði hrein viðbót við vinnsluna úr grynnra kerfinu. Vatnsgæfni djúpa kerfisins gæti verið, skv. mælingum, 100-150 l/s, miðað við 120 m dæludýpi, og hiti þess 150°C, um 15°C hærri en í grynnri holum. Áhrif frá þessu kerfi hafa ekki komið fram í djúpu holunum RG 34 og RG 35, sem boraðar voru 1978, en í 2200 m dýpi eru holur þessar 600 og 750 m í SSA frá RG 4 og þess vegna e.t.v. ekki rétt staðsettar með tilliti til djúpa kerfisins. Áætlað er að 6 holur þurfi til vinnslu úr þessu kerfi, en þær myndu jafnframt nýtast til vinnslu úr grynnri kerfum.

2.3 Lækkun grunnvatnsborðs

Fjallað hefur verið um þetta atriði í 1 og 2.1 fyrir dæludýpin 250 m, fjölgun borhola og samféllda vatnsvinnslu. Sé hinsvegar gert ráð fyrir núverandi fjölda vinnsluhola, 11 í Laugarnesi, 5 við Elliðaár og 36 í Mosfellssveit, og árstíðabundna vatnsvinnslu, gæti aflauknin frá því veturinn 1978-79, vegna lækkunar vatnsborðs með afkasta-meiri og dýpri dælum orðið þessi:

TAFLA 3

	aukning l/s	dæludýpi MW	m	fjöldi vinnsluhola
Laugarnes	150	55	200	11
Elliðaár	45	11	160	5
Mosfellssveit	290	56	145	36
Samtals	485	122		52

Gert er ráð fyrir að í Laugarnesi verði 12" 1450 sn/mín dælur í 5 holum en 6" og 8" 2900 sn/mín dælur í 6 holum. Öxulpvermál verður 1 11/16" í öllum holum í stað 1 3/16" sem verið hefur. Við Elliðaár verður 12" 1450 sn/mín dæla í einni holu, sem rýma þarf út í 12 1/4" þvermál á dýptarbilinu 36-160 m, en dælugerðir og öxulpvermál verða óbreytt, 6" og 8", 2900 sn/mín, í fjórum holum. Öxulpvermál verða einnig óbreytt frá því sem nú er í Mosfellssveit en fjölgaparf dæluþrepum og auka afl hreyfla á öllum svæðunum.

3. Samanburður á kostnaði

Jarðhitadeild hefur ekki yfirlit yfir alla kostnaðarliði við nýtingu jarðhitasvæðanna en grófar tölur eru settar fram í töflu 4 yfir áætlaðan kostnað við borholur og dælubúnað til samanburðar á kostunum þremur:

1. fleiri borholur (120 m dæludýpi)
2. dýpri borholur (120 m dæludýpi)
3. lækkun vatnsborðs (250 m dæludýpi)

TAFLA 4

	kostur 1 fleiri borholur			kostur 2 dýpri borholur			kostur 3 lækkun vatnsborðs		
	fjöldi hola	MW	M.kr.	fjöldi hola	MW	M.kr.	fjöldi hola	MW	M.kr.
Laugarnes	5	16	1400	6	55	2300	7	75	1960
Elliðaár	2	5	560	2	> 5	720	3	25	840
Mosfellssveit	10	82	2800	10	> 82	3600	15	190	4200
Samtals	17	103	4760				25	290	7000

Kostnaður við kost 1 verður samtals á öllum svæðunum 4760 M.kr. eða 46 kr/W, en við kost 3 7000 M.kr., 24 kr/W. Í Laugarnesi er kostnaður áætlaður 88 kr/W fyrir kost 1, 42 kr/W fyrir kost 2 og 26 kr/W fyrir kost 3.

Kostnaður við dælubúnað vegna síkkunar dæla í núverandi vinnsluholum er áætlaður þessi:

TAFLA 5

	aukning l/s	MW	kostnaður M.kr.	kostnaður kr/W
Laugarnes	150	55	330	6.0
Ellíðaár	45	11	57	5.2
Mosfellssveit	290	56	210	3.7
Samtals	485	122	597	4.9

Lokaorð


Í greinargerð þessari hefur ekki verið reynt að áætla hugsanlega vatnsvinnslu og virkjunarkostnað á svæðum utan núverandi vinnslusvæða Hitaveitu Reykjavíkur. Minna má þó á afmarkað jarðhitakerfi sem kom fram í 300-700 m dýpi í holu RG 32 við Höfðabakka. Afköst þess eru áætluð, skv. 3 vikna dæluprófun í desember 1970, 50-60 l/s af 70°C vatni, og er þá miðað við dæludýpið 120 m.

Eins og fram kemur hér að ofan, er aukning vinnslugetu jarðhitasvæðanna bundin vatnsgæfni þeirra og vinnsludýpi djúpdæla. Mjög æskilegt er því að prófa rekstraröryggi djúpdælanna á meira dýpi en gert hefur verið hingað til og kanna jafnframt viðbrögð vatnsstöðu svæðanna við aukinni vatnsvinnslu. Má í því sambandi nefna Ellíðaárvæðið, sem ákjósanlegt tilraunasvæði vegna stærðar, legu og hita. Rétt er að geta þess að dýpst dæla Hitaveitunnar er nú í um 150 m dýpi, og að dælu- og hreyflapantanir munu þegar hafa verið gerðar fyrir 160-170 m dýpi.


Þorsteinn Thorsteinsson
Þorsteinn Thorsteinsson




Mynd 1




m.y.s. Vatnsstaða holu G-7 h.y.s. = 16,90 m



Gígalítrar á ári (1. okt.-30. sept.)




Gígalítrar á mánuði




Mynd 2

ORKUSTOFNUN	10 apr 1980
Vatnsvinnsla á Laugarnessvæði og	B.Th /Gjóða
vatnsstaða holu RG-7 1975-79	Reykjavík
	F-19515


m.y.s. Vatnsstæða holu RG 27 h.y.s. = 41,0m



Gígalitrar á ári (1. okt. - 30. sept.)



Gígalitrar á mánuði



1977 1978 1979

Mynd 3


ORKUSTOFNUN

10. apríl 1980
P.Th. /Gjáða
Reykjavík
F - 19512


Vatnsinnslu á Elliðaárvæði
og vatnsstæða hulu RG-27 1976-79

VATNSVINNSLA OG VATNSSTAÐA Í BORHOLUM Í MOSFELLSSVEIT


MG 29,34,38 h.y.s. = 72,30m, 65,98m, 72,0m




NR 15 h.y.s. = 50,49 m




MG I h.y.s. = 43,68 m



SR 43 h.y.s. = 60,83 m




Gígalítrar á ári (1.okt.-30.sept.)



Gígalítrar á mánuði í Helgadal



Gígalítrar á mánuði í Mosfellssveit



1975

1976

1977

1978

1979